

Fundur í skólanefnd 8. júní 2016

Mættir: Ágústa Elín Ingbórsdóttir, Dröfn Viðarsdóttir, Guðrún Lind Gísladóttir, Sigurgeir Sveinsson, Jón Hjörvar Valgarðsson, Reynir Þór Eyvindsson, Hjördís Hjartardóttir og Þorsteinn Þorsteinsson.

**Fundarefni:**

Rekstraryfirlit fyrir fyrstu 5 mánuði ársins:

Ársskýrsla skólans

Gjaldskrá

Starfsmannamál

Önnur mál

**Rekstraryfirlit fyrir fyrstu 5 mánuði ársins:**

Guðrún Lind fór yfir rekstraryfirlit frá janúar til maí 2016. Hún sagði launakostnað hærri en áætlun gerði ráð fyrir vegna launahækkana í lok árs 2015. Aðrir liðir væru nærri áætlun. Rekstrarhagnaður er tæplega 9 milljónir en skuld við ríkissjóð hækkaði vegna hækkunar á launum. Guðrún sagði frá endurnýjun búnaðar á heimavist fyrir leigutekjur sumarsins.

Skólameistari sagði frá endurnýjun tölvubúnaðar nú í vor. Hún sagði frá aukinni þörf á viðhaldi í stofnuninni.

Skólameistari sagði frá framkvæmdum sem fasteignir ríkisins erum með nú í sumar.

**Árskýrsla skólans:**

Skólameistari lagði fram og fór yfir árskýrslu skólans fyrir árið 2015. Rætt um framkvæmd markmiða, gæðaráð, innra mat, kynningarstarf og fleira.

**Gjaldskrá:**

Lögð var fram ný gjaldskrá fyrir leiga á sal skólans. Skólameistari fór yfir breytingar frá fyrri gjaldskrá. Nefndin lagði til að farið yrði betur yfir gjaldskrána og málinu yrði frestað til hausts.

**Starfsmannamál:**

Skólameistari greindi frá breytingum á starfsmannamálum. Þrjú kennara eru að fara í leyfi á næsta skólaári og tveir kennarar hafa sagt upp störfum. Búið er að ráða í laus störf nema í rafiðngreinum og málmiðgreinum.

**Önnur mál:**

Reynir ræddi um vinnubrögð ráðuneytis við ráðningu skólameistara og aðkomu skólanefndar að ráðningaferlinu hjá FVA og Borgarholtsskóla. Þorsteinn er að ljúka störfum fyrir skólann, hann þakkaði fyrir samstarfið og voru honum færðar þakkir fyrir hans störf.

Fundarritari

Dröfn Viðarsdóttir